

Alþingi
Erindi nr. P 139/1775
komudagur 22. 3. 2011



Samgöngunefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

EfNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161
postur@evr.is evr.is

Reykjavík 18. mars 2011
Tilv.: EVR09100276/5.1

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur farið yfir frumvarp til umferðarlaga, flutt af samgönguráðherra (139. löggjafarþing 2010-2011, þskj. 814 - 495. mál.) og vill gera eftirfarandi athugasemdir.

Fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið að það fjallar ekki um ökutækjatriyggingar og skaðabætur, líkt og nú er gert í XII. kafla umferðarlaga. Málafni váttrygginga heyra undir efnahags- og viðskiptaráðherra og verður frumvarp um ökutækjatriyggingar lagt fram á yfirstandandi þingi af efnahags- og viðskiptaráðherra.


Væntanlegt frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra um ökutækjatriyggingar innleiðir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/103/EB um ökutækjatriyggingar. Þær athugasemdir sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið vill koma á framfæri eru byggðar á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í 70. gr. frumvarps til nýrra umferðarlaga er fjallað um skráningu ökutækja og er skráningarskyldan afmörkuð við "...vélnúíð ökutæki, sem ætlað er til notkunar á vegi í almennri umferð eða á snjó eða hjarni...Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem aðeins er notuð utan vegar. Einnig skal skrá vinnuvél og eftirvagn hennar ef vinnuvélin er notuð til aksturs á vegi."

Tilskipun 2009/103/EB tekur enga afstöðu til skráningarskyldu ökutækja, en leggur þá skyldu á aðildarríki, skv. 3. gr., að þau tryggi að ökutæki, skv. skilgreiningu tilskipunarinnar, séu tryggð ábyrgðartryggingu sem bæti bæði líkams- og munatjón. Ökutæki er skilgreint með eftirfarandi hætti í gr. 1(1)(1) tilskipunarinnar: "Ökutæki telst hvert það vélnúna tæki sem ætlað er til aksturs á landi og eingöngu er knúð áfram af aflvél, þó ekki tæki sem renna á teinum eða meidum. Eftirvagn telst einnig ökutæki, hvort sem hann er tengdur öðru ökutæki eða ekki." Í tilskipun 2009/103/EB er hvorki talað um notkun á vegi eða almenna umferð. Aðeins er vísað til þess að öll ökutæki skulu ábyrgðartryggð.

Mengi þeirra ökutækja sem falla undir 70. gr. er því nokkuð þrengra afmarkað en skilgreining tilskipunar 2009/103/EB gerir ráð fyrir. Bregðast verður við þessu misræmi, enda ekki hægt að framfylgja skyldu tilskipunarinnar um ábyrgðartryggingu ökutækja nema þau séu skráð með einhverjum hætti.

Fyrir hönd ráðherra



Kjartan Gunnarsson



Guðmundur Kári Káráson